

Hvammstanga, 6.9.2019

Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.

Efni: Umsögn um lokadrög að stefnu um meðhöndlun úrgangs.

Með tölvubréfi dagsettu 12. júlí 2019 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar um lokadrög að stefnu um meðhöndlun úrgangs sem stofnunin vann að beiðni umhverfis- og auðlindaráðherra. Starfshópur um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi, skipaður af Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og Eyþingi, hefur fjallað um stefnuna og veitir eftirfarandi umsögn.

Starfshópur um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. ágúst 2019, um lokadrög að stefnu um meðhöndlun úrgangs og gerir að sinni. Í umsögninni eru dregin fram lykilatriði sem starfshópurinn vill leggja áherslu á:

1. Mikið skortir upp á samráð við gerð stefnunnar.
2. Sveitarfélögin þurfa að hafa áfram svigrúm til að haga útfærslu á hirðu og annarri meðhöndlun úrgangs með tilliti til aðstæðna á hverjum stað.
3. Nauðsynlegt er að vönduð ábata- og kostnaðargreining fylgi stefnunni og öllum aðgerðum sem henni fylgja.
4. Verulega vantar upp á umfjöllun um innviði úrgangsmála í stefnunni.
5. Nauðsynlegt er að í stefnunni sé fjallað um mikilvægi öruggar og lögmætrar förgunar úrgangs.
6. Í drögin vantar umfjöllun um þær úrbætur sem gera þarf á stjórnarsýslu úrgangsmála til að tryggja farsæla innleiðingu stefnunnar.
7. Setja þaf fram framtíðarsýn hvað varðar framleiðendaábyrgð.

Starfshópurinn vinnur nú að hugmyndum um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi öllu. Hópurinn áskilur sér rétt til að setja fram athugasemdir um málið á seinni stigum, einkum þegar þeirri vinnu lýkur. Hópurinn lýsir sig jafnframt viljugan til samstarfs við Umhverfisstofnun og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið varðandi framhald þeirrar mikilvægu vinnu sem nú stendur yfir varðandi úrgangsmál enda er um að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir sveitarfélögin öll.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd stjórnar starfshóps um framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri SSNV.